

Tillaga að samþykktum um öldungaráð í Hveragerði

Félag eldri borgara í Hveragerði og bæjarstjórn Hveragerðisbæjar gera með sér samkomulag um stofnun Öldungaráðs sem vinnur að málefnum aldraðra í Hveragerði samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

Hlutverk

Öldungaráð er skipað með formlegum hætti af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

Meginmarkmið með Öldungaráði er að Félag eldri borgara í sveitarfélaginu hafi formlegan og milliliðalausan viðræðuvettvang við sveitastjórnarmenn um hagsmunamál sín.

Í Öldungaráði eru rædd öll atriði sem varða hagsmuni eldri borgara í sveitafélaginu svo sem þjónusta sveitarfélagsins við eldri borgara, aðstaða félags eldri borgara og fjárhagsáætlun hvers árs hvað félag eldri borgara varðar.

Öldungaráð er ekki framkvæmdaaðili, heldur beitir sér fyrir að mál sem tekin eru fyrir hjá ráðinu séu framkvæmd af hálfu bæjarins.

Starfsreglur og starfshættir.

Nafn ráðsins er Öldungaráð Hveragerðis. Öldungaráð er skipað til fjögurra ára að loknum sveitastjórnarkosningum. Öldungaráð er launalaust.

Val á fulltrúum:

Félag eldri borgara í Hveragerði tilnefnir 3 fulltrúa, bæjarstjórn tvo fulltrúa (einn frá meirihluta og einn frá minnihluta).

Fundir:

- ❖ Fundað einu sinni í mánuði eða eftir þörfum.
- ❖ Boðað er til funda á fyrirfram ákveðnum stað, degi og tíma.
- ❖ Fylgja skal almennum reglum um fundasköp.
- ❖ Ráðið velur sér forsvarsmann og skiptir með sér verkum.
- ❖ Fundir falla niður júní, júlí og ágúst.
- ❖ Senda skal fundagerðir til bæjarstjórnar.

Markmið.

- ❖ Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Hveragerði og að þeim verði framfylgt.

- ❖ Öldungaráð stuðlar að heilbrigðri öldrun og sjálfstæðu lífi.
- ❖ Öldungaráð stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- ❖ Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- ❖ Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- ❖ Öldungaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarmál.

Hveragerði 10. nóvember 2014

Eftirfarandi drög að samþykktum fyrir öldungaráð Hveragerðisbæjar eru lögð fram af starfshópi sem skipaður var af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 18. júní 2014.

F.h. Félags eldri borgara Hveragerði

J. Kristín Dagbjartsdóttir form.
Hrafnhildur Björnsdóttir
Guðlaug Birgisdóttir ritari

F.h. Bæjarstjórnar Hveragerðis

Örn Guðmundsson
Gísli Garðarsson